Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir Heilbrigðiseftirlit Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes fyrir árið 2025.

Hlutverk og markmið heilbrigðiseftirlitsins

- Heilbrigðiseftirlitið er lögbundið stjórnvald sem er falið með lögum að framfylgja ákvæðum ákveðinna laga og reglugerða og samþykkta sveitarfélaga.
- Hlutverk Heilbrigðiseftirlitsins er að vera samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um rekstur heilbrigðiseftirlits.
- Markmið heilbrigðiseftirlits er að búa íbúum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.
- Hlutverk heilbrigðiseftirlitsins er að varðveita gæði lofts, vatns og lands á svæðinu og gæta hagsmuna almennings með tilliti til heilbrigðis og hollustuhátta og koma í veg fyrir eða draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.
- Heilbrigðiseftirlitið gegnir lykilhlutverki í að fylgjast með umgengni á vatnsverndarsvæðum og tryggja þannig verndun grunnvatns vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins þannig að gæði neysluvatns á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem gerðar eru um gæði neysluvatns.
- Hefur eftirlit með fyrirtækjum og stofnunum með því að fylgja eftir kröfum um hollustuhætti og mengunarvarnir og ávallt sé notast við þá tækni sem er árangursríkust við að ná víðtækri almennri vernd umhverfisins í heild.
- Heilbrigðiseftirlitið stendur vörð um öryggi og heilnæmi matvæla með því að fylgjast náið með framleiðslu, dreifingu og sölu.

Helstu forsendur starfs- og fjárhagsáætlunar 2025

- *Sífellt færist meiri þungi af starfsemi heilbrigðiseftirlitsins yfir í önnur störf en hefðbundin reglubundin eftirlitsstörf.*
- *Markaðseftirlit matvæla, innkallanir og sölustöðvanir taka orðið mikinn tíma. Reiknað með auknum tekjum af þeim verkefnum.*
- *Enga síður er meginhlutverk heilbrigðiseftirlitsins að sinna reglubundnu eftirliti og er eftirlitsáætlun heilbrigðiseftirlitsins sífellt í endurskoðun með hliðsjón af kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi.*
- *Stór verkefni á borði skipulagsdeilda sveitarfélaganna hefur einnig kallað á aukna vinnu við umsagnir, þar sem farið er yfir umhverfisáhrif þeirra breytinga og nýrra tillagna um skipulag.*
- *Þar sem ekki er heimilt að innheimta kostnað við eftirlit umfram þann kostnað sem er tilgreindur í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er, ljóst að hækka þarf framlag sveitarfélaganna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.*
- *Þrátt fyrir góð markmið stjórnvalda um hraða hjöðnun verðbólgunnar , þá gengu þær vonir ekki eftir og er spá Hagstofunnar fyrir árið 2024 að verðbólgan verði um 6%.*
- *Í október 2023 voru lagðar fram tillögur á vegum Umhverfis- og loftlagsráðherra um að breyta fyrirkomulagi opinbers eftirlits með þeim hætti að matvælaeftirlit færist til Matvælastofnunar og umhverfis- og mengunareftirlit undir hatt Umhverfisstofnunar. Óvissu um framtíð þess*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

fyrirkomulags sem hefur verið á heilbrigðiseftirliti hefur neikvæð áhrif störf og starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins.

- *Lagt er til að tímagjald hækki um tæp 5% og verði kr.22.000 á árinu 2025.*
- *Sýnakostnaður hefur hækkað verulega og töluvert umfram hækkun verðlags og er lagt til að sýnagjald hækki í kr. 22.500 sem er um 4,5% hækkun frá fyrra ári. Þó eru bundnar vonir við að kostnaður lækki með með nýrri tækni.*
- *Lagt er til að Leyfisgjald fyrir hundahald verði samræmd fyrir höfuðborgarsvæðið og verði kr.18.000 sem er hækkun um tæp 5% hækkun frá fyrra ári.*
-

Fjárhagsáætlun fyrir 2025

	Fjárhagsáætlun 2025				
	Hundaeftirlit	Heilbr.eftirlit	Samtals	hlutf. af heildar tekjum	Hækkun hlutf. Afk.spá 31/12
Rekstrartekjur					
Eftirlitsgjöld	33.638.000	166.519.619	200.157.619	88,5%	4,5%
Leyfisgjöld		8.000.000	8.000.000	3,5%	8,2%
Aðrar tekjur		18.000.000	18.000.000	8,0%	43,8%
	33.638.000	192.519.619	226.157.619	100,0%	
Gjöld				**hlutf. h. Gjöld**	
Heilbrigðisnefnd	423.492	4.870.160	5.293.652	1,6%	5,9%
Laun og launat.gjöld	20.333.609	233.836.508	254.170.118	75,4%	9,6%
Húsnæðiskostnaður	900.000	14.000.000	14.900.000	4,4%	5,1%
Skrifstofu- og tölvuk.	1.500.000	20.000.000	21.500.000	6,4%	6,8%
Akstur	500.000	6.000.000	6.500.000	1,9%	5,3%
Funda- og fræðsluk.	100.000	1.500.000	1.600.000	0,5%	0,2%
Aðkeypt þjónusta	3.500.000	21.500.000	25.000.000	7,4%	5,7%
Annar rekstrark.	6.300.000	2.000.000	8.300.000	2,5%	4,2%
	33.557.102	303.706.668	337.263.769	100,0%	8,6%
Vaxtatekjur			700.000		
Rekstrarniðurstaða ársin	80.898	-111.187.049	-110.406.151	-32,7%	
Framlög aðildarfélaga	Íbúafj. 2024				
	Hafnarfjörður		-31.586.472	30616	10,7%
	Garðabær		-19.693.055	19088	11,5%
	Kópavogur		-40.581.848	39335	9,5%
	Mosfellsbær		-13.827.851	13403	10,4%
	Seltjarnarnes		-4.716.924	4572	8,5%
			-110.406.151	107014	

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Fjárhagsáætlun fyrir 2025 (með samanburðartölum)

	Raunstaða 31.12.2023					Fjárhagsáætlun 2024					Afkomuspá 31.12.2024					Fjárhagsáætlun 2025					Hækkun
	Hundaeftirlit	Heilbr.eftirlit	Samtals			Hundaeftirlit	Heilbr.eftirlit	Samtals	% af h-tekjum		Hundaeftirlit	Heilbr.eftirlit	Samtals	% af h-tekjum		Hundaeftirlit	Heilbr.eftirlit	Samtals	hlutf. af heildar tekjum	hlutf. Afk.spá 31/12
Rekstrartekjur																				
Eftirlitsgjöld	31.180.250	144.698.016	175.878.266	88,0%		32.200.000	149.977.711	182.177.711	91,0%		33.365.349	157.689.033	191.054.382	91,6%		33.638.000	166.519.619	200.157.619	88,5%	4,5%
Leyfisgjöld	0	9.927.188	9.927.188	5,0%		0	8.000.000	8.000.000	4,0%			7.341.250	7.341.250	3,5%			8.000.000	8.000.000	3,5%	8,2%
Aðrar tekjur	39.000	13.939.158	13.978.158	7,0%		0	10.000.000	10.000.000	5,0%		42.000	10.071.504	10.113.504	4,9%			18.000.000	18.000.000	8,0%	43,8%
	31.219.250	168.564.362	199.783.612	100,0%		32.200.000	167.977.711	200.177.711	100,0%		33.407.349	175.101.787	208.509.136	100,0%		33.638.000	192.519.619	226.157.619	100,0% niutt. h.	7,8%
Gjöld										% af gj.					% af gj.				Gjöld	
Heilbrigðisnefnd	463.274	4.684.218	5.147.492	1,7%		433.431	4.984.530	5.417.961	1,8%		398.604	4.583.940	4.982.544	1,6%		423.492	4.870.160	5.293.652	1,6%	5,9%
Laun og launatgjöld	19.450.193	196.663.067	216.113.260	72,7%		18.310.763	210.573.772	228.884.535	76,2%		18.389.301	211.476.960	229.866.261	74,6%		20.333.609	233.836.508	254.170.118	75,4%	9,6%
Húsnæðiskostnaður	1.165.528	11.784.780	12.950.308	4,4%		1.040.000	11.960.000	13.000.000	4,3%		1.046.873	13.085.908	14.132.781	4,6%		900.000	14.000.000	14.900.000	4,4%	5,1%
Skrifstofu- og tölvuk.	1.383.360	13.987.309	15.370.669	5,2%		1.481.372	17.035.778	18.000.000	6,0%		2.613.896	17.425.974	20.039.870	6,5%		1.500.000	20.000.000	21.500.000	6,4%	6,8%
Akstur	651.805	6.590.471	7.242.276	2,4%		501.080	5.762.426	7.000.000	2,3%		455.825	5.697.813	6.153.638	2,0%		500.000	6.000.000	6.500.000	1,9%	5,3%
Funda- og fræðsluk.			0	0,0%		58.005	667.060	1.000.000	0,3%		118.314	1.478.930	1.597.244	0,5%		100.000	1.500.000	1.600.000	0,5%	0,2%
Aðkeypt þjónusta	2.712.378	16.951.334	19.663.712	6,6%		3.000.000	14.000.000	17.000.000	5,7%		3.385.359	20.178.489	23.563.848	7,6%		3.500.000	21.500.000	25.000.000	7,4%	5,7%
Annar rekstrark.	5.961.690	2.538.160	8.499.850	2,9%		7.000.000	3.000.000	10.000.000	3,3%		6.451.614	1.501.464	7.953.078	2,6%		6.300.000	2.000.000	8.300.000	2,5%	4,2%
	12.350.380	12.350.380	4,2%																	
Áunnið orlof fært inn	31.788.228	265.549.719	297.337.947	100,0%		31.824.651	267.983.566	300.302.496	100,0%		32.859.786	275.429.479	308.289.264	100,0%		33.557.102	303.706.668	337.263.769	100,0%	8,6%
			1.371.749									781.608	781.608					700.000		
Vaxtatekjur																				
Rekstrarniðurstaða ársin	-568.978	96.985.357	96.739.382	32,5%		375.349	-100.005.855	100.124.785	33,3%		547.563	-100.327.692	-99.108.536	-32,1%		80.898	-111.187.049	-110.406.151	-32,7%	
Framlög aðildarfélaga	Íbúafj. Árslok 2023	Framl. Sv.fé.				Íbúafj. 2023					Íbúafj. 2023					Íbúafj. 2024				
	Hafnarfjörður	27.434.533	29763			Hafnarfjörður	28.504.507	30568			Hafnarfjörður	-28.215.191	30568			Hafnarfjörður	-31.586.472	30616		10,7%
	Garðabær	17.001.981	18445			Garðabær	17.615.763	18891			Garðabær	-17.436.966	18891			Garðabær	-19.693.055	19088		11,5%
	Kópavogur	35.947.046	38998			Kópavogur	37.122.626	39810			Kópavogur	-36.745.838	39810			Kópavogur	-40.581.848	39335		9,5%
	Mosfellsbær	12.005.085	13024			Mosfellsbær	12.523.408	13430			Mosfellsbær	-12.396.297	13430			Mosfellsbær	-13.827.851	13403		10,4%
	Seltjarnarnes	4.350.737	4720			Seltjarnarnes	4.358.482	4674			Seltjarnarnes	-4.314.244	4674			Seltjarnarnes	-4.716.924	4572		8,5%
		96.739.382	104950				100.124.785	107373				-99.108.536	107373				-110.406.151	107014		

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Greinargerð

Sífellt færist meiri þungi af starfsemi heilbrigðiseftirlitsins yfir í önnur störf en hefðbundin reglubundin eftirlitsstörf. Matarsýkingar, óhreinindi í neysluvatni, kvartanir íbúa um mengun hverskonar, vegna hávaða, lyktar eða annars ónæðis, tekur sífellt upp meiri tíma heilbrigðisfulltrúa, auk aukinnar kröfu um hvers konar vöktun. Reynt er að sinna öllum kvörtunum um leið og þær berast. Aukin loftmengun vegna eldgosa á Reykjanesi hefur einnig kallað eftir aukinni vinnu við loftgæðastöðvar okkar, sem sinna lykilhlutverki í loftgæðamælingum á höfuðborgarsvæðinu. Þannig rekum við 4 loftgæðastöðvar á okkar svæði, á meðan einungis eru 2 á svæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Aukin krafa er um umhverfisvöktun, bæði í auknum kröfum um loftgæðaeftirlit þar sem lögð er áhersla á að bætt verði við mælistöðvum og að upplýsingar verði gerðar aðgengilegar almenningi og einnig eftirliti með lækjum, vötnum og tjörnum sem og vöktun á yfirborðsvatni. Kallar það á aukið vinnuframlag starfsmanna varðandi þessa málaflokka. Ein loftgæðastöð bætist við á árinu í Garðabæ. Loftgæðamælingar eru unnar í nánu samstarfi við sérfræðinga Umhverfisstofnunnar og er hægt að sjá stöðu loftgæða á loftgaedi.is og eins á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins.

Stór verkefni á borði skipulagsdeilda sveitarfélaganna hefur einnig kallað á aukna vinnu við umsagnir, þar sem farið er yfir umhverfisáhrif þeirra breytinga og nýrra tillagna um skipulag. Þá eru viðamiklar framkvæmdir s.s. Coda Terminal við Straumsvík og skipulag nýrra athafnasvæða sem kalla á ítarlega umfjöllun um áhrif þess á heilnæm lífsskilyrði og heilnæmt og ómengað umhverfi.

Enga síður er meginhlutverk heilbrigðiseftirlitsins að sinna reglubundnu eftirliti og er eftirlitsáætlun heilbrigðiseftirlitsins sífellt í endurskoðun með hliðsjón af kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. En mikil hreyfing er á rekstraraðilum, bæði þeir sem hætta starfsemi og ekki síður nýir aðilar sem eru að bætast við. Þrátt fyrir góðan ásetning um að rekstraraðilar hafi þekkingu á sinni starfsemi og hvaða kröfur liggja til grundvallar, þá er reynslan sú að mikil tími fer í að fræða og upplýsa rekstraraðila um þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfsemi. Nýtt regluverk með tilkomu skráningarreglugerðar hefur því miður tafið ferlið við skráningu á viðkomandi starfsemi, þar sem mikil tími heilbrigðisfulltrúa fer í að aðstoða umsækjendur við skráningu í gegnum skráningarkerfi Umhverfisstofnunar á Íslandi.is.

Þrátt fyrir góð markmið stjórnvalda um hraða hjöðnun verðbólgunnar , þá gengu þær vonir ekki eftir og er spá Hagstofunnar fyrir árið 2024 að verðbólgan á árinu verði um 6%. Rekstrarkostnaður sem fylgir hækkun vísitölu neysluverðs, er um 24% af heildargjöldum eftirlitsins og hækka þau útgjöld í samræmi við þróun verðlags. Þannig er húsnæðiskostnaðurinn tæp 5% af heildarútgjöldum sem hækkar í samræmi við neysluverðsvísitölu á hverjum tíma. Aðkeypt þjónusta hefur hækkað töluvert, en þar er fyrst og fremst um að ræða hækkun sýnagjalda. Aukin vöktun hefur einnig haft í för með sé aukin kostnað við greiningar sýna. Á árinu 2025 er stefnt að breytingum í meðferð sýna og reynt verður að innleiða nýjan tækjabúnað sem á að lækka kostnað við greiningu.

Þrátt fyrir verðlagshækkanir og ýmis áföll í starfsmannamálum, er útlit fyrir að reksturinn sé innan skekkjumarka rekstraráætlunar fyrir árið 2024 og framlög sveitarfélaganna í samræmi við fjárhagsáætlun.

Samningar við BHM voru lausir á vormánuðum 2024 og áætlar Samband Íslenskra sveitarfélaga að laun hækki um 3,65% frá 1. apríl 2024 og svo aftur um 3,63 frá 1. apríl 2025. Auk þess má áætla að umsamin sérmál hækki launakostnað um 0,7% á samningstímabilinu, sem kæmi til greiðslu á árinu 2025.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Almennt um fjármál og rekstur

Ákveðin hluti starfseminnar snýr að almennu eftirliti, samskiptum innan stjórnsýslunnar og þjónustu við borgarana. Samkvæmt afkomuspá ársins 2024 var þessi þáttur um 32% af heildarútgjöldum heilbrigðiseftirlitsin. Sá hluti er ekki fjármagnaður með eftirlitstekjum, hann er fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögunum í samræmi við lög nr. 7/1998, þar sem kveðið er á um að sá kostnaður sem eftirlitsgjöld standa ekki undir greiðist af sveitarfélögunum. Eins og fram hefur komið eru aukin verkefni á þessu sviði s.s. auknar loftgæðamælingar, aukið markaðseftirlit og önnur verkefni sem tengjast aukinni þjónustu við íbúanna. Þar sem ekki er heimilt að innheimta kostnað við eftirlit umfram þann kostnað sem er tilgreindur í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er, ljóst að hækka þarf hlutfall sveitarfélaganna í rekstri heilbrigðiseftirlitsins. Þannig gerir afkomuspá ársins 2024 ráð fyrir að eftirlitstekjur dekki um 68% af útgjöldum ársins, en í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 fari það hlutfall niður í 67%. Það þýðir að heildarframlag sveitarfélaganna hækkar um 10 milljónir frá árinu 2024.

Megin þáttur starfseminnar snýr samt áfram að eftirlitsskyldum aðilum og er stefnt að því að mæta þeim kostnaði með eftirlitsgjöldum eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir heimila sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir eftirlitsskylda starfsemi, svo sem fyrir eftirlit, útgáfu starfsleyfa og vottorða. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður. Jafnframt er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að innheimta kostnað við eftirfylgni eftirlits og við beitingu þvingunaraðgerða. Ætlunin er að bæta skráningu á slíkum verkefnum og auka tekjur af þeim þætti starfseminnar.

Samkvæmt matvælalögum skulu matvælafyrirtæki greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlitið:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Ráðherra hefur gefið út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga vegna heilbrigðiseftirlits.

Gjaldskrár heilbrigðiseftirlitsins er tvær:

- Matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit: Lögð er til breyting á tímagjaldi, hækkun í kr. 22.000 og sýnatökugjald í kr. 22.500 sem er í samræmi við áætlaðan kostnað eftirlitsins en nær þó ekki að halda alveg við almenna verðlagsþróun. Gjöldin eru reiknuð samkvæmt leiðbeinandi reglum umhverfisráðherra um uppbyggingu gjaldskráa fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um að innheimt gjald skuli ekki vera hærra en raunkostnaður við vinnuna sem er framkvæmd s.s. vegna eftirlits, vottorða eða leyfisveitinga. Öll gjöld sem innheimt eru af heilbrigðiseftirliti eru reiknuð út frá tímagjaldi. Unnið er að áhættumati fyrirtækja í samræmi við lög og reglugerðir um hollustuhætti og mengun og gætu breytingar á því mati haft áhrif á fjölda eftirlitstíma á árinu, en ekki er gert ráð fyrir að sú breyting hafi áhrif á heildarniðurstöðu fjárhagsáætlunar. Hækkunin tíma- og sýnagjalda eru rétt innan við 5%.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

- Leyfisgjöld vegna hundahalds.. Áfram hefur verið unnið að einföldun á regluverkinu í kringum hundahald. Lagt er til að leyfisgjaldið hækki um tæp 5% og fari í kr. 18.000 (kr.9.000 með afslætti). Þá verði ekki innheimt handsömunargjald af skráðum hundum og það einungis innheimt af óskráðum hundum.
  Gert er ráð fyrir að fjöldi hunda á svæði heilbrigðiseftirlitsins verði um 3100 hundar í upphafi árs 2025, en töluvert er um afskráningar og tilkynningar um aflífun hunda í upphafi árs, þegar hundaleyfisgjöldin eru innheimt.
- Hundaskráin er nú aðgengileg á heimasíðu eftirlitsins í samræmi við kröfur um gegnsæi í opinberri skráningu. Þá er búið að einfalda skráningu hunda og er hægt að ganga frá skráningu alfarið með rafrænum hætti. Þessi umsýsla hefur dregið úr vinnu eftirlitsins við hundahaldið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Nánari upplýsingar um rekstur heilbrigðiseftirlitsins

Heilbrigðiseftirlitið er með fjórar eigin bifreiðar í notkun. Annar aksturskostnaður er greiddur samkvæmt aksturssamningum og akstursdagbókum. Fjárfest var í fyrsta rafbílnum en fyrir var einn metan bíl og svo eru í rekstri sparneytnir bensín- og dísel-bílar.
Fastir fundir eru sóttir á vegum Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða. Flestir fundir fara nú fram á Teams þar sem fulltrúar á þessum fundum eru um land allt. Auk þess eru sóttir fræðslufundir og ráðstefnur á verksviði stofnunarinnar. Heilbrigðisfulltrúar tóku þátt í fjölmörgum endurmenntunarnámskeiðum á árinu og þrír nýir starfsmenn náðu sér í heilbrigðisfulltrúaréttindi á árinu 2024.
Heilbrigðiseftirlitið leitar eftir tilboðum frá rannsóknarstofum og er með samning við rannsóknarstofuna Sýni ehf. Jafnaðargjald er vegna rannsókna pr. sýni skv. eftirlitsáætlun. Komi upp alvarleg matarsýking getur þurft að auka sýnatöku án þess að hægt verði að innheimta rannsóknarkostnað. Efnamælingar eru oftast mjög kostnaðarsamar. Slíkar mælingar eru vegna neysluvatns, varnarefna í matvælum og annarra innihaldsefna matvæla auk mengunarvarnaeftirlits og umhverfisvöktunar. Mælingar sem tengjast mengun koma í ljós í eftirliti, við kvartanir eða í óhöppum. Ný tækni hefur verið kynnt við sýnagreiningu sem lofar góðu og ætti sýnakostnaður að lækka verulega í framtíðinni.

Í október 2023 voru lagðar fram tillögur á vegum Umhverfis- og loftlagsráðherra um að breyta fyrirkomulagi opinbers eftirlits með þeim hætti að matvælaeftirlit færist til Matvælastofnunar og umhverfis- og mengunareftirlit undir hatt Umhverfisstofnunar. Ekki voru lagðar fram tillögur um hvert önnur verkefni heilbrigðiseftirlits færu. Þessar hræringar hafa haft neikvæð áhrif á starfsemina og hefur starfsmannavelta aukist frá því sem áður var. Þá hafa veikindi aukist og eins fóru þrír starfsmenn í fæðingarorlof á árinu.
Mikil umræða skapaðist í kjölfar lokunar veitingastaða á höfuðborgarsvæðinu um frammistöðumat rekstraraðila. Auknar kröfur eru um birtingu upplýsinga á vefsvæði stofnunarinnar og áfram verður unnið að því að auka aðgengi almennings að upplýsingum. Aukin áhersla ESA og Matvælastofnunar á eftirfylgni við framkvæmd eftirlits þarf að mæta og leggja meiri áherslu á þann þátt eftirlitsins.

Starfsmannahald 2025

Til að mæta þeim auknu verkefnum sem nefnd eru að ofan og aukinni starfsmannaveltu er gert ráð fyrir viðbótar stöðugildi í rekstraráætlun fyrir árið 2025. Þá er fylgt ábendingu Sambands íslenskra sveitarfélaga um launaþróun á árinu 2025, þó auðvitað sé mikil óvissa um þróun þeirra mála á árinu 2025, þar sem samningar hafa verið lausir síðan á vormánuðum 2024. Á liðnum árum hafa verið ráðnir sumarstarfsmenn til að fara í einfaldara eftirlit og auka þannig vettvangsathuganir og mæta auknum verkefnum í skráningum. Sú lausn hefur gefist vel og komið þannig til móts við óvæntar breytingar í starfsmannamálum sem upp hafa komið, s.s. vegna veikinda eða vegna fæðingarorlofs starfsmanna.

Matvælaeftirlit

Sveitarfélögin hafa skyldu til að sinna matvælaeftirliti og er heilbrigðisnefndum falið opinbert eftirlit með matvælum á markaði, smásölu, framleiðslu samsettra matvæla og framleiðslu matvæla sem ekki eru unnin úr dýraafurðum. Til matvælaeftirlits fellur einnig eftirlit með neysluvatni frá vatnsveitum. Neysluvatni hjá almenningi, fyrirtækjum í matvælaiðnaði og stofnunum sem þjóna viðkvæmum einstaklingum.
Matarborinn sjúkdómur er samheiti yfir matareitranir og matarsýkingar. Þegar upp koma matarbornir sjúkdómar vinna Matvælastofnum, Sóttvarnalæknir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sameiginlega að rannsókn svo komast megi sem fyrst að orsakavaldi svo unnt sé að grípa til aðgerða og stöðva útbreiðslu hans. Ef tveir eða fleiri veikjast og grunur beinist að ákveðnum matvælum er málið rannsakað. Farið er yfir vinnuferla með fyrirtækjunum ef tilkynningar berast sem bent geta til matarborins sjúkdóms.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Áframhaldandi aukning hefur verið á þeim tilvikum á árinu 2024 frá árinu 2023. Þegar stórar matarsýkingar koma upp, er sýnakostnaður verulegur og gera þarf ráð fyrir slíkum kostnaði.
Töluvert hefur fjölgað í innköllunum á vörum og eru ákvarðanir um innkallanir ýmist teknar af Matvælastofnun eða hjá viðkomandi heilbrigðiseftirliti þar sem rekja má uppruna innköllunar til. Ástæður innkallanna eru eins fjölbreyttar og þær eru margar, svo sem aðskotahlutir í matvælum, vanmerkingar á vörum eða óleyfileg innihaldsefni. Umtalsverð vinna fylgir oft innköllunum þar sem fylgt er eftir ákvörðun um innköllun með því að fara í viðkomandi verslanir eða framleiðslufyrirtæki og innkölluninni fylgt eftir. Slíkar innkallanir kalla á oft á viðbrögð rekstraraðila og fer mikil tími í að skrifa greinargerðir um forsendur innköllunar og þarf að gæta allra stjórnsýslureglna í því samhengi. Nú er t.d. eitt mál búið að vera í kærumeðferð hjá matvælaráðherra í tæpt ár, þar sem heilbrigðiseftirlitið fór fram á innköllun, en viðkomandi rekstraraðili kærði þá ákvörðun.

Hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirlit
Heilbrigðisnefnd skal gefa út starfsleyfi samkvæmt viðauka IV, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í júlí sl. kom út ný og endurbætt reglugerð um hollustuhætti 903/2024 og þarf að breyta tilvísunum í starfsleyfum og starfsskilyrðum svo þær séu í samræmi við nýja reglugerð. Eftirlit skal ná til athugunar á öllum þáttum umhverfisáhrifa viðkomandi starfsemi sem máli skipta sem og hollustuhátta. Eftirlit fer fram með þeirri starfsemi sem er í raun og veru, en er ekki bundið við eftirlit með starfsleyfisskilyrðum. Þjálfun, staðkunnátta eftirlitsmanns og stöðuleiki í eftirliti eru grundvallaratriði. Reglulegar eftirlitsáætlanir eru gerðar til að halda utan um og tryggja reglubundið eftirlit með atvinnurekstri, þ.m.t. um tíðni vettvangsheimsókna fyrir mismunandi starfsemi. Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna skal byggjast á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi og skal tíðni eftirlits ekki vera sjaldnar en eitt ár fyrir starfsemi sem veldur mestri áhættu en þrjú ár fyrir starfsemi sem veldur minnstri áhættu. Vegna hollustuháttaeftirlits er ein eftirlitsferð á ári eða eftirlitsferð annað hvert ár algengastar. Til sumra fyrirtækja eru þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að þrjár eftirlitsferðir s.s. til stórra sundstaða. Mengunaróhöpp og mengunarslys fylgja okkar samfélagsháttum og þarf stöðugt að vera viðbúin þeim. Í nýrri reglugerð er gert ráð fyrir að öll starfsleyfi séu auglýst í fjórar vikur á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins, áður en endanlegt starfsleyfi er gefið út og gerir það alla starfsleyfisútgáfu seinvirkari en áður, auk þess sem nokkur tími fer í að útbúa kynningargögn sem fylgja þurfa starfsleyfisútgáfunni.

Umhverfisvöktun
Umhverfisvöktun er aðallega á sviði loftgæðamælinga í andrúmslofti og með vatnsgæðum í grunnvatni, lækjum, stöðuvötnum, tjörnum og sjó. Þar með talið er eftirlit með framkvæmd hreinsunar á rotþróm. Í reglugerð nr. 796/1999 um verndun vatns eru skyldur lagðar á heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir að flokka vötn og grípa til aðgerða sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi. Af sama meiði er eftirlit með vatnsverndarsvæðum sem tryggja á öryggi neysluvatns til framtíðar. Umhverfisvöktun með vatnsgæðum nær til mælinga á örverum og efnum.. Stefnt er að því að birta niðurstöður mengunarmælinga á heimasíðu eftirlitsins, en mælingarnar eru sendar sveitarfélögunum til kynningar um leið og niðurstöður liggja fyrir.

Heilbrigðiseftirlitið rekur nú fjórar loftgæðamælistöðvar. Í Kópavogi er reknar stöðvar við Dalsmára í Kópavogi og önnur við Leikskólann í Hörðukór. Þá er loftgæðastöð við Norðurhellu í Hafnarfirði og nýjasta stöðin var tekin í notkun á Garðaholti í Garðabæ í byrjun árs 2024. Á heimasíðu eru aðgengilegar niðurstöður fyrir almenning úr símælingum á loftgæðum í umdæminu. http://heilbrigdiseftirlit.is/ og eins heldur Umhverfisstofnun úti vefsíðu www.loftgædi.is þar sem þessar niðurstöður eru birtar ásamt niðurstöðum frá öðrum mælistöðum á landinu. Eins og áður hefur komið fram er mikil áhugi á að auka frekar loftgæðamælingar og m.a. vera með færanlega loftgæðastöð til að auka þekkingu okkar á breytingum á loftgæðum á svæðinu. Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar hefur skoðað þann möguleika að kaupa loftgæðastöð til að staðsetja í bæjarfélaginu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Mælingar á umhverfishávaða og úrvinnsla kvartana um hávaða sem berast frá almenningi eru einnig hluti af umhverfisvöktun. Unnar hafa verið aðgerðaáætlanir hjá sveitarfélögunum vegna hávaða sem ætlaðar eru til að stemma stigu við hávaða og hávaðadreifingu. Þar er horft til umferðaskipulags, skipulag landnotkunar s.s. með að færa hávaðasama starfsemi og önnur atriði s.s. stuðla að umhverfisvænni ferðamáta. Í umsögnum um breytingar á aðalskipulagi og deiluskipulagi sveitarfélaganna hefur heilbrigðisnefnd vakið sérstaka athygli á mikilvægi þess að hugað sé að þessum þáttum, sérstaklega þar sem um er að ræða blandaða byggð atvinnurekstrar og íbúðabyggðar. Vonandi munu úrbætur samkvæmt þeim bæta gæði umhverfis á næstu árum. Því miður hefur nokkuð verið um kvartanir um hávaða frá atvinnurekstri þar sem íbúðir er ofan við verslanir eða veitingastaði og virðist vera að misbrestur sé á að fylgt sé þeirri kröfu um að tryggt sé að hljóð vegna atvinnustarfsemi sé í samræmi við viðmiðunarmörk í hávaðareglugerð.

Dýraeftirlit

Mikil hagræðing hefur átt sér stað í vinnu gagnvart samþykktum um hundahald. Sú vinna felst fyrst og fremst í móttöku kvartana og samskipti við hundeigendur. Gerður var samningur við DÝR (Dýraþjónustu Reykjavíkur) um að taka við handsömuðum hundum á svæði HEF og sinna kvörtunum og aðstoð vegna hundamála utan við hefðbundin vinnutíma.
Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að taka slík dýr í vörslu sína, lesa af einstaklingsmerkjum ef þau eru til staðar og gera ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni. Sveitarfélögum er skylt að hafa aðstöðu til að halda slík dýr. Samið var við Dýraþjónustu Reykjavíkur um samstarf. Sér DÝR um geymslu og afhendingu á þeim dýrum sem færð eru til þeirra. Þá er samningur við Dýraþjónustuna um að sinna kvöld- og helgarmóttöku lausra hunda á svæði HEF. Kostnaður við hundageymslu greiðist af eftirlitsgjöldum vegna hundahalds en kattageymslan úr sjóðum sveitarfélaganna.

Nýskráningu hunda er svipað og afskráningar og er fjöldi hunda svipaður milli ára. Leyfisgjaldið er hóflegt, en það stendur undir kostnaði við ábyrgðartryggingu hunda og þá umsýslu sem málaflokkurinn kallar á. Upplýsingar um skráningu hunda er nú hægt að nálgast á heimsíðu eftirlitsins og nú er hægt að skrá þá með rafrænum hætti.

Helstu kvartanir snúa að hundahaldi í fjölbýli og töluvert er kvartað undan hávaða vegna hundahalds og fær fjöldi hundaeigenda athugasemdir frá eftirlitinu þar sem þeir eru beðnir um að virða samþykktir um hundahald og taka tillit til nágranna sinna.

september 2024

Hörður Þorsteinsson

Hörður Þorsteinsson
Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026